

Grindavíkurbær  
Atli Geir Júlíusson  
Víkurbraut 62  
240 Grindavík

Reykjavík, 20. desember 2021  
UST202112-090/B.S.  
09.08.03

### **Efni: Framkvæmd við Eldvörp - aðgengi ferðamanna. Umsögn**

Vísað er til erindis Grindavíkurbæjar dags. 7. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Eldvörp.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að brugðist sé við þegar svæðið fer að láta á sjá vegna ferðamanna sem skoða Eldvörp og eru stígar sem fyrirhugað er að gera nauðsynlegir til að stýra umferð og hlífa merkilegum jarðmyndunum við frekara raski.

Umhverfisstofnun er kunnugt um að á fyrirhuguðu bílastæði er hiti undir planinu og leitar gufa upp á hluta þess svæðis sem ætlað er undir bílastæði. Því telur stofnunin að bílastæðið verði afmarkað þannig að ekki sé hætt á að gufa og hiti á bílastæðinu valdi ferðamönnum óþægindum eða hættu.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að mikilvægt er að halda framkvæmdum inn á framkvæmdasvæði og gengið verði frá þannig að innviðir falli vel að umhverfi.

Í ástandsmati áfangastaða sem Umhverfisstofnun hefur unnið fyrir Eldvörp var einnig lagt til að aðkomu-, fræðslu- og upplýsingaskilti með korti yrði sett á bílastæði sem lýsir áhugaverðum útsýnisstað og fækka óþarfa stígum.

Virðingarfyllt,

Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Agnes Porkelsdóttir  
Sérfræðingur